

R. 2318 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis þriðjudaginn 8. desember 1953.

Hefur ákærði með framangreindu atferli gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, sbr. 38. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 6 frá 1951.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða réttindum til að aka bifreið ævilangt frá löglegri birtingu dóms þessa.

Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti, sbr. 3. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun til skipaðs verjanda síns, Jóns N. Sigurðssonar hrl., Reykjavík, kr. 600,00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna margs konar annríkis dómarsins við önnur störf að undanfögnu.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðnason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur réttindum til að aka bifreið ævilangt.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns N. Sigurðssonar hrl., kr. 600,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. október 1954.

Nr. 23/1954. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn

Lúðvík Ástvaldi Jóhannessyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Áfengismagn það, 1,02%, sem reyndist vera í blóði ákærða, bendir eindregið til þess, að hann hafi neytt áfengis nótt þá, sem í málinu greinir. Skýrslur lögreglumanna þeirra, sem athuguðu ákærða, eftir að hann var stöðvaður í bílnum, veita og líkur fyrir áfengisneyzlu hans á nefndum tíma, en það

dregur úr sönnunargildi skýrslna þeirra, að fjórir til sex mánuðir liðu, frá því að atburðir málsins gerðust og þangað til lögreglumennirnir voru spurðir fyrir dómi. Þykja því ekki fram komnar öruggar sannanir fyrir því, að ákærði hafi ekið bíl í umrætt skipti með áhrifum áfengis. En er litið er til áfengismagnsins í blóði ákærða og þess framburðar lögreglumanna, að ákærði hafi verið, er hann var stöðvaður í bíl sínum, þrúttinn í andliti, sljólegur til augna og loðmæltur, verður að telja sannað, að hann hafi vegna undanfarinnar neyzlu áfengis verið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að akstur hans varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941 hæfilega ákveðin í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing hans ákveðst 7 daga varðhald, og greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um öku-leyfissviptingu og málskostnað ber og að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsingin ákveðst 7 daga varðhald, og verði greiðslufrestur sektar 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Lúðvík Ástvaldur Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. janúar 1954.

Ár 1954, föstudaginn 8. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómará af fulltrúa hans, Stefáni Guðjohnsen, upp kveðinn dómur í málinu nr. 18/1954: Ákærvaldið gegn Lúðvík Ástvaldi Jóhannessyni, sem dómtekið var 29. desember 1953.

Mál þetta er af hálfu ákærvaldsins höfðað gegn Lúðvík Ástvaldi

Jóhannessyni framkvæmdarstjóra, til heimilis að Barmahlíð 26 hér í bæ, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 26. nóvember 1953, fyrir brot á áfengislögum, nr. 33/1935, 21. gr., bifreiðalögum, nr. 23/1941, 23. gr., 1. mgr., og umferðarlögum, nr. 24/1941, 4. gr., 2. mgr., með því að hafa miðvikudaginn 29. apríl 1953 um kl. 04,30 ekið bifreiðinni R. 742 frá Bakkastíg 1 að Miklubraut 7 í Reykjavík, verandi undir áhrifum áfengis, en til vara fyrir að hafa í umrætt skipti ekið nefndri bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis skv. 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, sem er skakkt heimfært undir ákvæði og ætti að vera 1. mgr. 23. gr.

Ákærði er ákærður til refsingar skv. 39. gr. áfengislaga, 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, og 14. gr. umferðarlaga, til ökuleyfissviptingar skv. 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 19. desember 1915.

Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1943 29/10 Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 13/1941.
- 1948 12/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1949 20/5 Áminning fyrir brot á 10., sbr. 28. gr. lsb. Rvíkur.
- 1950 2/6 Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.
- 1951 5/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Miðvikudaginn 29. apríl 1953 um kl. 04,30 voru lögreglumenn á eftirlitsferð í lögreglubifreið. Á Miklubraut, rétt fyrir vestan Rauðar-árstígshornið, stöðvuðu þeir bifreiðina R. 742 og áttu tal við bifreiðarstjóran, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Þar eð þeim virtist hann vera undir áhrifum áfengis, óskuðu þeir eftir því, að hann ásamt farþegum hans fylgdist með þeim á lögreglustöðina. Farþegar voru Bolli Thoroddsen verkfræðingur og kona hans. Á lögreglustöðinni neitaði ákærði að hafa nokkurn tíma á ævinni neytt áfengis og neitaði því að vera undir áhrifum víns, en viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni. Þar eð lögreglumönnum virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis, var hann færður á Landspítalann og honum þar tekið blóðsýnishorn.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að aðfaranótt 29. apríl sl. hafi Skúli Halldórsson hringt til sín og boðið sér heim í tilefni af afmæli Skúla. Ákærði kvaðst ekkert vín hafa smakkað, hvorki um kvöldið né daginn 28. apríl, og verið allsgáður og vel fyrir kallaður, er hann ók bifreið sinni að Bakkastíg 1 til Skúla.

Hann kveður vín hafa verið þar á boðstólum, en sjálfur hafi hann ekki af því drukkið, heldur aðeins kaffi og e. t. v. nokkur glös af „Coca-Cola“.

Ákærði kveðst hafa dvalizt um hrið hjá Skúla, en neitar eindregið

að hafa drukkið þar áfengi í einni eða annarri mynd. Ákærði segist því hafa verið allsgáður, er hann ók bifreið sinni heim á leið milli kl. 04,00 og 05,00 um nóttina, en var stöðvaður á Miklubraut af lögreglumönnunum og færður á lögreglustöðina ásamt farþegum sínum. Ákærði kveðst ekki geta skýrt það á neinn hátt, að í blóðsýnishorninu, sem honum var tekið skömmu síðar, fundust „reducerandi“ efni, er samsvara alkóhóli, og hélt í skýrslu sinni fyrir dómi fast við það að hafa engan áfengan drykk drukkið þessa nótt, kvöldið né daginn áður.

Í blóðsýnishorni, sem ákærða var tekið skömmu eða um klukkutíma eftir handtöku, fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1,02% af alkóhóli.

Ákærði hefur borið, að læknir sá, sem blóð-„prufuna“ tók, hafi horfið með hana úr augsyn viðstaddra, áður en hann afhenti hana lögreglumönnunum. Þessi fullyrðing, studd framburði vitnisins Bolla Thoroddsens, er þó alls ósönnuð, enda hafa bæði lögreglumennirnir og Kristján Stefán Sigurðsson læknakandidat borið, að hún hafi verið tekin svo sem venjulegt er og ekkert verið við hana eða framkvæmd hennar athugavert.

Í vörn talsmanns ákærða er kandidatinn talinn „hlutlaus“, að því er varðar framburð hans um útlit ákærða o. s. frv., en á öðrum stað í sömu vörn svo og í framburði ákærða vændur um það að hafa ekki haft rétta aðferð við töku blóðsýnishornsins og fullyrt, að ekki sé mark takandi á blóðsýnishorninu, vegna þess að kandidatinn hafi farið með „prufuna“ úr augsyn viðstaddra. Hér virðist ósamræmi í málflutningi.

Dómurinn lítur svo á, að taka beri fullt tillit til niðurstöðu blóðrannsóknarinnar.

Lögreglumennirnir Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Aðalsteinsson, Örn Björn Guðmundsson, Guðmundur Jónsson varðstjóri og Jakob Jónsson hafa verið leiddir sem vitni í máli þessu.

Vitnið Sigurbjörn Eiríksson segir í frumskýrslu sinni til lögreglustjóra, að ákærði hafi verið rauður og þrúttinn í andliti og augu hans gljáandi og hann auk þess loðmæltur.

Fyrir dómi heldur vitnið fast við greinda lýsingu á ákærða, telur hann hafa borið allgreinileg ölvunareinkenni, og kveðst vitnið persónulega sannfært um, að ákærði hafi í umrætt skipti verið undir áfengisáhrifum, byggt á framangreindum auðkennum. Ekki fann vitnið vínlykt út úr ákærða, en lauklykt, enda segir vitnið, að ákærði hafi játað að hafa etið lauk. Vitnið Sigurbjörn hefur unnið eið að framburði sínum fyrir dómi.

Vitnið Magnús Aðalsteinsson, sem einnig hefur unnið drengskaparheit að framburði sínum, segir, að ákærði hafi strax komið sér þannig fyrir sjónir, að hann væri undir áfengisáhrifum. Vitnið lýsir ákærða þrúttum í andliti og sljólegum til augna og telur það

hiklaust sitt álit, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum í umrætt skipti.

Sömuleiðis er það álit vitnanna Arnar Bjarnar Guðmundssonar og Guðmundar Jónssonar varðstjóra, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum. Guðmundur lýsir ákærða svo, að hann hafi verið með gljáandi augu, loðmæltur og „nervös“ og virzt allur á iði við yfirheyrsluna.

Vitnið Jakob Jónsson segir, að sér hafi fundizt ákærði allmiklu örari en hann er vanur að vera allsgáður, en vitnið kveðst þekkja ákærða í sjón.

Vitnin Sigurbjörn og Magnús stóðu að handtöku ákærða. Vitnið Guðmundur yfirheyrði hann sem varðstjóri, en vitnin Örn og Jakob færðu ákærða til blóðrannsóknar.

Samkvæmt framansögðu ber framangreindum vitnum saman um það, að þeirra álit sé, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, og lýsingum vitnanna á ákærða ber og saman í öllum meginatriðum. Greindum vitnum ber og saman um það, að ákærði hafi borið það við frumyfirheyrslu að hafa aldrei á ævinni smakkað áfengi. Fyrir dómi breytti ákærði því þannig, að hann neitaði að hafa neytt áfengis umrædda nótt, kvöldið né daginn áður.

Með tilliti til niðurstöðu blóðsýnishornsrannsóknarinnar þykir sýnt, að framburður ákærða um þetta atriði fái alls ekki staðizt. Vitnin Bolli Thoroddsen og Skúli Halldórsson, en þeir höfðu samneyti við ákærða þessa nótt, hafa borið fyrir dómi, að þeir hafi ekki séð ákærða neyta áfengis heima hjá Skúla, en áfengi þó verið þar á boðstólum, og að þeir hafi ekki séð á ákærða áfengisáhrif, er þeir lögðu af stað frá Bakkastíg 1, en vitnið Bolli kveðst hafa drukkíð af áfenginu, enda ber m. a. vitnið Jakob Jónsson, að Bolli hafi verið mikið ölvaður. Framangreind vitni eru bæði, sbr. eigin framburð og framburði ákærða, góðkunningjar hans.

Vitnið Kristján Stefán Sigurðsson læknastrúdent, en hann tók ákærða blóðsýnishorn, kveðst ekki hafa skoðað ákærða með tilliti til að ákveða, hvort hann væri undir áhrifum eða ekki, en kveðst ekki hafa séð í fljótu bragði greinileg ölvunareinkenni á honum, en fullyrðir hins vegar, sbr. áður sagt, að blóðsýnishornið hafi verið tekið samkvæmt ströngustu reglum læknávisinda, notuð hafi verið þurr, „steriliseruð“ sprauta og holdið hreinsað með „sublimat“-upplausn, en ekki spíritus.

Með hliðsjón af því, 1) að fimm vitni, þar af tvö eið- og drengskaparheftfest, hafa borið, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, 2) að í blóðsýnishorni úr ákærða fundust „reducerandi“ efni, sem samsvara 1,02% af alkóhóli, 3) að framburður ákærða um að hafa ekki neytt áfengis fær samkvæmt framansögðu ekki staðizt, — telur dómarrinn sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðar sinnar, R. 742.

Með framangreindu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við ákvæði þau, er í ákæruskjali greinir, áfengislög, nr. 33/1935, 21. gr., sbr. 39. gr., bifreiðalög, nr. 23/1941, 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., sbr. og 2. gr. laga nr. 6/1951, og umferðarlög, nr. 24/1941, 4. gr., 2. mgr., sbr. 14. gr. Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindum ákvæðum hæfilega ákveðin 1.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt framansögðu ber og samkv. 39. gr. bifreiðalaga og 21. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra, og þykir sviptingin hæfilega ákveðin 6 mánuðir frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki síðastnefndri verkun dómsins.

Ákærða ber og að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 500,00.

Dómarinn lætur þess getið, að þar sem verjandi ákærða tali um vitnið Sveinbjörn Eiríksson, stafi það af misritun í dómsrannsóknarendurriti og eigi að vera Sigurbjörn, sbr. það, að Sigurbjörn gefur frumskýrslu málsins og var þá lögreglumaður.

Málið hefur verið rekið vítalaust, en nokkuð dróst þó að hefja rannsókn þess vegna sumarleyfis dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Ástvaldur Jóhannesson, greiði 1.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu í 6 mánuði frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.